

Undirritaðir aðilar, Landspítali, kt. 500300-2130, Skaftahlið 24, 105 Reykjavík, (hér eftir nefndur „ábyrgðaraðili“) og **Nafn aðila, kt. Kennitala aðila**, (hér eftir nefndur „vinnsluaðili“), sameiginlega nefndir aðilar, hafa ákveðið að gera með sér svohljóðandi

## VINNSLUSAMNING

### Tilgangur

Tilgangur þessara samningsákvæða er að tilgreina þær skyldur sem vinnsluaðili sinnir f.h. ábyrgðaraðila, í tengslum við þá vinnlustarfsemi sem samningurinn tekur til.

Aðilar skulu bundnir af öllum viðeigandi ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („persónuverndarlög“) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679, frá 27. apríl 2016 sem kom til framkvæmda 25. maí 2018 („persónuverndarreglugerðin“).

### 1 Vinnsla persónuupplýsinga

- 1.1 Vinnsla vinnsluaðila á persónuupplýsingum f.h. ábyrgðaraðila felst í þjónustu vinnsluaðila á kerfum sem innihalda persónugreinanleg gögn að beiðni ábyrgðaraðila, og/eða á grundvelli samnings
- 1.2 Tilgangur vinnslunnar er að setja upp, viðhalda, uppfæra, flytja milli netþjóna og taka úr rekstri tölvukerfi eða annan búnað sem tengist tölvukerfum ábyrgðaraðila.
- 1.3 Vinnsluaðila er heimilt að vinna með eftirfarandi tegundir persónuupplýsinga: nöfn, símanúmer, heimilisfang, tölvupóstfang, kennitölur, fjölskyldutengsl, heilsufarsupplýsingar, kynferði, stéttafélagaaðild og erfðafræðiupplýsingar.
- 1.4 Vinnsluaðila er heimilt að vinna með eftirfarandi flokka af skráðum einstaklingum: sjúklinga, aðstandendur sjúklinga, starfsmenn, nemendur, birgja, verktaka og aðra viðskiptamenn.

### 2 Fyrirmæli ábyrgðaraðila

- 2.1 Vinnsluaðila er eingöngu heimilt að vinna persónuupplýsingar f.h. ábyrgðaraðila á grundvelli þessa samnings og á grundvelli skriflegra fyrirmæla frá ábyrgðaraðila. Telji vinnsluaðili að fyrirmæli ábyrgðaraðila brjóti í bága við ófrávíkjanleg lög og reglur skal vinnsluaðili tilkynna ábyrgðaraðila um það þegar í stað.
- 2.2 Vinnsluaðila er heimilt að vinna með persónuupplýsingar án fyrirmæla frá ábyrgðaraðila ef vinnsluaðila er skylt að gera það samkvæmt ófrávíkjanlegum lögum. Vinnsluaðili skal upplýsa ábyrgðaraðila um þá lagaskyldu áður en vinnsla hefst nema lög banni að upplýst sé um það.
- 2.3 Vinnsluaðili skal upplýsa ábyrgðaraðila um það ef vinnsluaðila er skylt samkvæmt ófrávíkjanlegum lögum að flytja persónuupplýsingar til þriðju landa eða alþjóðastofnana, nema lög banni að upplýst sé um það.
- 2.4 Vinnsluaðili skal gera ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn hans, eða aðrir sem kunna að hafa aðgang að persónuupplýsingum, vinni persónuupplýsingarnar einungis í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila.

### 3 Trúnaðarskylda og fræðsla

- 3.1 Vinnsluaðili skal tryggja að starfsmenn hans, og aðrir sem kunna að hafa aðgang að persónuupplýsingum, séu bundnir trúnaðarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd vinnslu persónuupplýsinga f.h. ábyrgðaraðila.
- 3.2 Trúnaðarskylda skal haldast þótt látið sé af starfi og þótt samningurinn falli úr gildi.
- 3.3 Vinnsluaðili skal tryggja að starfsmenn hans, og aðrir sem kunna að hafa aðgang að persónuupplýsingum, fái viðeigandi þjálfun og fræðslu um vernd persónuupplýsinga.

### 4 Öryggi persónuupplýsinga

- 4.1 Vinnsluaðila er skylt að gera og viðhafa viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga sem hann vinnur með f.h. ábyrgðaraðila. Ráðstafanir skulu taka mið af nýjustu tækni, kostnaði við innleiðingu, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslu og áhættu.

#### 4.2 Vinnsluaðili skal innleiða eftirfarandi öryggisráðstafanir:

- Vinnsluaðili skal innleiða viðeigandi stjórnkerfi upplýsingaöryggis og kynna fyrir starfsmönnum sínum.
- Vinnsluaðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að hindra gagnaleka og / eða skemmdir/tap gagna ábyrgðaraðila sem hann hefur í sinni vörslu.

4.3 Viðunandi öryggi skal metið með hliðsjón af þeirri áhættu sem vinnslan hefur í för með sér, einkum að því er varðar óviljandi eða ólögmæta eyðingu persónuupplýsinga, sem eru sendar, geymdar eða unnar á annan hátt, eða þær glattist, breytist, verði birtar eða veittur aðgangur að þeim í leyfisleysi.

4.4 Vinnsluaðili skal tilkynna ábyrgðaraðila um öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga eigi síðar en 24 klst. frá því að vinnsluaðili verður var við brestinn. Í tilkynningunni skal vinnsluaðili lýsa eðli brotsins, þ.m.t þeim flokkum og áætluðum fjölda skráðra einstaklinga og flokkum og áætluðum fjölda skráninga persónuupplýsinga sem um ræðir. Vinnsluaðili skal einnig lýsa líklegum afleiðingum og þeim ráðstöfunum sem hann hefur gert eða fyrirhugar að gera. Með tilkynningunni skulu fylgja hver þau skjöl eða gögn sem nauðsynleg eru til þess að ábyrgðaraðili geti tilkynnt öryggisbrestinn til viðeigandi eftirlitsstofnunar.

4.5 Vinnsluaðili skal ávallt upplýsa ábyrgðaraðila hvar persónuupplýsingar eru hýstar. Vinnsluaðila er með öllu óheimilt að flytja persónuupplýsingar til þriðju landa nema á grundvelli fyrirmæla frá ábyrgðaraðila þar um eða á grundvelli lagaskyldu sbr. ákvæði 2.3.

4.6 Eftirlit er haft með notkun net- og upplýsingakerfa sem eru í rekstri hjá ábyrgðaraðila og getur hann framkvæmt úttektir á notkun vinnsluaðila eða starfsmanna hans án samráðs eða tilkynninga. Þetta eftirlit kemur samt ekki í stað eftirlitsskyldu vinnsluaðila ef hún er til staðar. Um geymsla á gögnum sem verða til vegna eftirlitsins fer eftir viðeigandi lögum.

#### **5 Aðstoð gagnvart ábyrgðaraðila við að uppfylla skilyrði persónuverndarlaga, sbr. persónuverndarreglugerðina.**

5.1 Vinnsluaðili skal aðstoða ábyrgðaraðila við að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd sbr. 29. gr. persónuverndarlaga, sbr. 35. gr. persónuverndarreglugerðarinnar.

5.2 Vinnsluaðili skal aðstoða ábyrgðaraðila við að uppfylla ákvæði um fyrirfram samráð við viðeigandi eftirlitsstofnun skv. 30 gr. persónuverndarlaga, sbr. 36. gr. persónuverndarreglugerðarinnar

#### **6 Undirvinnsluaðilar**

6.1 Vinnsluaðila er heimilt að fela öðrum vinnsluaðila („undirvinnsluaðila“) að framkvæma tiltekna vinnsluaðgerðir. Vinnsluaðili skal tilkynna ábyrgðaraðila skriflega um allar fyrirhugaðar breytingar sem fela í sér að breytt sé um eða bætt er við undirvinnsluaðila. Ábyrgðaraðili skal að lágmarki fá 21. dags frest frá móttökudegi tilkynningar til að mótmæla fyrirhuguðum breytingum. Komi ekki fram mótmæli frá ábyrgðaraðila innan frestsins skulu fyrirhugaðar breytingar teljast samþykktar.

6.2 Vinnsluaðili skal tryggja að sömu skyldur hvíla á undirvinnsluaðila og hvíla á vinnsluaðili á grundvelli þessa samnings, persónuverndarlaga og annarra viðeigandi laga og reglna.

6.3 Vinnsluaðili ber ávallt ábyrgð gangvart ábyrgðaraðila á grundvelli þessa samnings, jafnvel þó svo að undirvinnsluaðili sjái um að framkvæma tiltekna vinnsluaðgerðir.

#### **7 Réttur hinna skráðu**

7.1 Ábyrgðaraðili ber ábyrgð á því að veita hinum skráðu upplýsingar um vinnslustarfsemi fyrir eða um leið og vinnsla hefst, í samræmi við ákvæði persónuverndarlöggjafarinnar.

7.2 Vinnsluaðila ber með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum, að því marki sem það er hægt, að aðstoða ábyrgðaraðila við að sinna skyldu sinni að bregðast við erindum skráðra einstaklinga

vegna réttinda þeirra skv. persónuverndarlöggjöf. Þar með talið vegna aðgangsréttar, réttar til leiðréttingar, réttar til eyðingar upplýsinga og til að andmæla vinnslu eða takmarka hana.

7.3 Berist vinnsluaðila beiðni frá hinum skráða skal vinnsluaðili áframsenda slíka beiðni án tafar til ábyrgðaraðila. Vinnsluaðila er óheimilt að verða við beiðnum hinna skráðu, hafna þeim eða veita upplýsingar um vinnslu án leyfis frá ábyrgðaraðila.

7.4 Vinnsluaðila er óheimilt að heimila stjórnvöldum, eða öðrum opinberum aðilum, aðgang að persónuupplýsingum frá ábyrgðaraðila án fyrirsmæla frá ábyrgðaraðila nema ófrávíkjanleg lög eða dómsúrskurðir kveði á um annað.

## **8 Afhending og eyðing persónuupplýsinga**

8.1 Ábyrgðaraðili getur hvenær sem er á samningstímanum gefið vinnsluaðila fyrirsmæli um að eyða eða afhenda ábyrgðaraðila eða tilgreindum þriðja aðila, svo sem Þjóðskjalasafni, skilgreindar persónuupplýsingar. Slík fyrirsmæli skulu vera skrifleg og vinnsluaðili skal verða við þeim fyrirsmælum svo fljótt sem verða má. Ábyrgðaraðili skal tilgreina hvort persónuupplýsingar skuli afhentar á skipulegu og algengu tölvulesanlegu sniði eða á pappír.

8.2 Þegar þjónustu lýkur samkvæmt samningi þessum skal vinnsluaðili, að vali ábyrgðaraðila, afhenda ábyrgðaraðila eða tilgreindum þriðja aðila þær persónuupplýsingar sem hann hefur undir höndum eða aðgang að eða eyða þeim. Einnig skal eyða öllum afritum af persónuupplýsingunum nema mælt sé fyrir um annað í ófrávíkjanlegum lögum. Vinnsluaðili skal sýna fram á það skriflega að öllum gögnum hafi verið eytt.

## **9 Persónuverndarfulltrúi**

9.1 Vinnsluaðili skal senda ábyrgðaraðila upplýsingar um nafn og samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa síns, ef hann hefur verið tilnefndur skv. 35. gr. persónuverndarlaga, sbr. 37. gr. persónuverndarreglugerðarinnar.

## **10 Skrá yfir vinnslustarfssemi**

10.1 Vinnsluaðili skal halda skrá yfir alla vinnslustarfssemi sem fer fram fyrir ábyrgðaraðila. Í henni skal koma fram eftirfarandi:

- Heiti og samskiptaupplýsingar vinnsluaðila, eins eða fleiri, og sérhvers ábyrgðaraðila sem vinnsluaðili starfar í umboði fyrir og, eftir atvikum, fulltrúa ábyrgðaraðila eða vinnsluaðila og persónuverndarfulltrúa,
- Flokkar vinnslu sem fram fer fyrir hönd hvers ábyrgðaraðila,
- Ef við á, miðlun persónuupplýsinga til þriðja lands eða alþjóðastofnunar, þ.m.t. um hvaða þriðja land eða alþjóðastofnun er að ræða, og, ef um er að ræða miðlun sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 49. gr. persónuverndarreglugerðarinnar, gögn um viðeigandi verndarráðstafanir.
- Ef mögulegt er, almenn lýsing á þeim tæknilegu og skipulagslegu öryggisráðstöfunum sem um getur í 1. mgr. 27. gr. persónuverndarlaga, sbr. 1. mgr. 32. gr. persónuverndarreglugerðarinnar.

## **11 Upplýsingar og úttektir vegna sönnunar á reglufylgni**

11.1 Vinnsluaðili skal útvega ábyrgðaraðila allar nauðsynlegar upplýsingar og skjöl til að sýna fram á reglufylgni vinnsluaðila.

11.2 Vinnsluaðili skal gefa ábyrgðaraðila, eða 3ja aðila á hans vegum, kost á að framkvæma úttektir á vinnslu á persónuupplýsingum hjá vinnsluaðila. Vinnsluaðili skal veita ábyrgðaraðila þá aðstoða sem ábyrgðaraðili þarf til að geta gert slíka úttekt. Ábyrgðaraðili, eða aðili á hans vegum, framkvæmir þessa úttekt til að geta gegnið úr skugga um að vinnsluaðili sé að framfylgja skyldum sínum samkvæmt samningi þessum og viðeigandi lögum og reglum.

## 12 Innra eftirlit

- 12.1 Vinnsluaðili skal viðhalda innra eftirliti með vinnslu persónuupplýsinga til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við persónuverndarlög og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.
- 12.2 Innra eftirlit skal viðhaft með reglubundnum hætti. Tíðni eftirlitsins og umfang þess skal ákveðið með hliðsjón af áhættunni sem er samfara vinnslunni, eðli gagna sem unnið er með, þeirri tækni sem notuð er til að tryggja öryggi upplýsinganna og kostnað af framkvæmd eftirlitsins. Eftirlitið skal þó ekki fara fram sjaldnar en árlega.
- 12.3 Vinnsluaðili skal gera skýrslu um framkvæmd innra eftirlits. Í slíkri skýrslu skal lýsa niðurstöðu hvers þáttar eftirlitsins. Skýrslurnar ber að varðveita tryggilega.

## 13 Vanefndir

- 13.1 Uppfylli vinnsluaðili ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum eða samkvæmt áliti eða ákvörðun Persónuverndar, getur ábyrgðaraðili með tilkynningu krafist tafarlausra úrbóta þar sem tilgreint er með skilmerkilegum hætti hvaða úrbóta er þörf, á hvaða grundvelli þær úrbætur skulu gerðar og settir hæfilegir tímafrestir.
- 13.2 Hafi vinnsluaðili ekki bætt úr annmörkum samkvæmt tilkynningu innan tímafrests hefur ábyrgðaraðili heimild til að fresta greiðslum eða beita öðrum vanefndaúrræðum laga þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Vinnsluaðili á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.
- 13.3 Ef vinnsluaðili vanefnir frekar samningsskyldur sínar getur ábyrgðaraðili rift samningnum. Samningi þessum verður þó ekki rift nema vanefnd sé veruleg enda hafi ábyrgðaraðili áður gert vinnsluaðila viðvart með skriflegri tilkynningu og sett honum hæfilegan frest til úrbóta.
- 13.4 Vinnsluaðili ábyrgist að hann muni halda ábyrgðaraðila skaðlausum í tengslum við hvers konar kostnað sem ábyrgðaraðili kann að þurfa að greiða vegna vanefnda vinnsluaðila á samningi þessum.
- 13.5 Þó vanefndir verði af hálfu ábyrgðaraðila skal vinnsluaðili afhenda ábyrgðaraðila gögn sín og upplýsingar svo ábyrgðaraðili geti uppfyllt skyldu sína skv. lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.
- 13.6 Mál er kunna að rísa vegna brota og vanefnda á samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 14 Önnur atriði

- 14.1 Með undirritun þessa samnings staðfestir vinnsluaðili að hann hafi getu og hæfni til að fullnægja þeim skyldum sem samningur þessi kveður á um.
- 14.2 Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, [dags.]

F.h. ábyrgðaraðila

F.h. vinnsluaðila

---

---